

XV. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

96. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933, og ganga þá eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi.

Lög nr. 55, 30. júlí 1909, um samþykktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum.

Lög nr. 24, 22. okt. 1912, um samþykktir um ófriðun og eyðing sels úr veiðiám. XIII. kafli vatnalaga, nr. 15, 20. júní 1923.

2. málsgr. 1. gr. laga nr. 30, 27. júní 1925, um selaskot á Breiðafirði og uppdráp.

Lög nr. 6, 14. júní 1929, um fiskræktarfélög.

Gjört í Reykjavík, 9. október 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

OPIÐ BRÉF,

er stefnir saman Alþingi til aukafundar mánudaginn 13. október 1941.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920, hef ákveðið, að Alþingi komi saman til aukafundar mánudaginn 13. október 1941, kl. 14.

Um leið og ég birti þetta, er öllum þeim, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að guðsþjónusta hefur farið fram í Dómkirkjunni.

Gjört í Reykjavík, 9. október 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 8 frá 9. okt. 1912.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt tillögum kennslumálaráðuneytisins hef ég staðfest reglugerðarviðauka þennan með samþykki mínu.

1. gr.

28. gr. orðist þannig:

Í laga- og hagfræðideild eru kenndar þessar greinar:

1. Almenn lögfræði og persónuréttur.
2. Sifja- og erfðaréttur.
3. Kröfu- og hlutaréttur.
4. Sjó- og félagaréttur.
5. Stjórnлагаfræði.
6. Stjórnarfarsréttur.
7. Þjóðaréttur.
8. Refsiréttur.
9. Réttarfar.
10. Réttarsaga.
11. Lögfræðileg skjalaritun og þar með æfingar í réttarfari.
12. Þjóðhagfræði, almenn.
13. Þjóðhagfræði, hagnýt.
14. Reksturshagfræði, almenn.
15. Iðnaðarrekstursfræði.
16. Verzlunarrekstursfræði.
17. Bankarekstursfræði.
18. Fjármálafræði.
19. Tölfræði.
20. Íslensk haglýsing.
21. Samning og gagnrýni efnahagsreikninga.
22. Bókfærsla og endurskoðun.
23. Viðskiptareikningur.
24. Erlend tungumál og bréfaskriftir.
25. Vélritun.

Skriflegar æfingar skulu vera í þeim greinum, sem sérstakt skriflegt próf er í.

2. gr.

Við 48. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

Fullnaðarpróf í viðskiptafræði í laga- og hagfræðideild skal haldið í eftirfarandi námsgreinum:

1. Reksturshagfræði, almenn.
2. Reksturshagfræði, skrifleg.
3. Kostnaðarreikningur.
4. Þjóðhagfræði, almenn.
5. Þjóðhagfræði, skrifleg.
6. Milliríkjaverzlun, fjármálafræði og félagsmálafræði.
7. Iðnaðarrekstursfræði.
8. Verzlunarrekstursfræði.
9. Bankarekstursfræði.
10. Yfirlit um borgarétt og kaflar úr kröfurétti.
11. Þjóðaréttur.
12. Samning efnahagsreikninga.
13. Bókfærsla.
14. Verkleg bókfærsla og endurskoðun.
15. Viðskiptareikningur.
16. Viðskiptasaga.
17. Tölfræði.
18. Enska og þýzka eða
19. Enska og franska.
20. Ritgerð um hagfræðilegt efni, er hagfræðikennarar deildarinnar fá kandiðatin-um til meðferðar.

114 Auk ritgerðarinnar og skriflegrar reksturshagfræði og þjóðarhagfræði er prófið[®]
 18. okt. skriflegt í 13., 14. og 16. prófgrein, bæði skriflegt og munnlegt í 18. og 19. prófgrein, en munnlegt í öllum hinum.

Kandidatarnir mega hafa allt að 6 klukkustundum til skriflegrar úrlausnar í 2., 5., 13. og 14. prófgrein, en 4 klukkustundir í 15., 16., 18. og 19. prófgrein.

Áður en kandidatin segir sig til fullnaðarprófsins, skal hann leggja fram skilríki fyrir því að hann hafi samvizkusamlega tekið þátt í æfingum í reksturshagfræði og þjóðarhagfræði.

Við útreikning aðaleinkunnar reiknast einkunnir fyrir 1., 2., 4., 5. og 20. prófgrein tvöfaldar.

Ákvæði til bráðabrigða:

Kandidatar, sem þegar hafa lokið prófum í sumum framangreindra prófgreina við viðskiptaháskólann, þurfa ekki að taka próf í þeim að nýju við háskólann, og skulu þá einkunnir þær, er þeir hlutu við próf þessi, taldar með í aðaleinkunn þeirra.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Gjört í Reykjavík, 18. október 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.